

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 211/2014****2015/EES/52/03****frá 24. október 2014****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 217/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í svínsskrokkum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í hluta 6.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0217**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 217/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 93).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0217**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 217/2014 frá 7. mars 2014 (Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 93).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 217/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 93.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.